

Greiðslur til framleiðenda

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA Lágmarksverð til mjólkurframleiðenda er samsett úr greiðslum frá mjólkurstöðvum og greiðslum frá ríkinu. Heildarfjárhæðir beingreiðslna eru samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tók gildi 1. september 2005 en afurðastöðvaverð ákvarðast af verðlagsnefnd búvöru.

GREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS Í sjöttu grein samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar til stuðnings mjólkurframleiðslu til loka verðlagsársins 2011/2012. Skipting framlaga ríkissjóðs á samningstímanum er sýnd í töflu 14.

Tafla 14. Framlög og skipting þeirra í milljónum króna.

Verðlagsár	Heildar- fjárhæðir	Beingreiðslur	Kynbóta- og þróunarfé	Gripagreiðslur	Óframleiðslu- tengdur stuðningur
2005/2006	4000	3900	100	0	0
2006/2007	3960	3465	99	396	0
2007/2008	3920	3381	98	392	49
2008/2009	3881	3299	97	388	97
2009/2010	3842	3218	96	384	144
2010/2011	3804	3139	95	380	190
2011/2012	3766	3014	94	376	282

Heildarfjárhæðir beingreiðslna ríkisins eru fastar upphæðir á hverju verðlagsári samningstímans óháð heildargreiðslumarki. Af því leiðir að hækki greiðslumark þá lækka beingreiðslur á lítra, því sami stuðningur dreifist á fleiri lítra, lækki greiðslumark hækka greiðslur á hvern lítra að sama skapi.

Fjárhæðir í samningnum eru miðaðar við verðlag 1. janúar 2004 og taka mánaðarlegum breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs (til verðtrygginga). Heildarfjárhæð beingreiðslna verðlagsárið 2007/2008 er 3.381 milljónir kr og greiðslumark er 117 millj. lítra. Án tillits til verðtryggingar er meðalbeingreiðsla verðlagsársins því 28,90 kr/ltr (3.381 millj. Kr / 116 millj. Ltr).

Grunnvísitala beingreiðsla í janúar 2004 var 264,0 stig. Í september 2007 var vísitalan 273,1 stig. Meðalbeingreiðsla í september 2007 var því 34,31 kr/ltr ((273,1/230,0) * 28,90 = 34,31).

Samkvæmt búvörusamningi skulu beingreiðslur greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvöru-samninga ákveða greiðslutilhögun fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands

kúabænda. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk eru með eftirfarandi hætti 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 skv. reglugerð nr. 631/2007:

- a) 47,67% beingreiðslna skal greiða greiðslumarkshöfum óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 90% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2007.
- b) 35,45% beingreiðslna skal greiða greiðslumarkshöfum eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2007.
- c) 16,88% beingreiðslna skal ráðstafa til greiðslumarkshafa með eftirfarandi hætti: Greiða skal 16/30 hluta fjárhæðarinnar á innvegið magn mjólkur í mánuðunum nóvember til og með febrúar. Finna skal meðalgreiðslu fyrir hvern dag í þessum mánuðum að teknu tilliti til breytinga á lágmarksverði mjólkur og þeirri fjárhæð sem þannig er fundin skal deilt á innvegið magn mjólkur í hverjum mánuði fyrir sig. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar. Á sama hátt skal greiða 4/30 hluta fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks verður greitt samkvæmt lið a) og b) hlutfallslega út á heildarframleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis. Ef mjólkurframleiðsla verður minni en sem nemur heildargreiðslumarki þannig að beingreiðslur ganga ekki út er ónotuðum beingreiðslum jafnað út á allt innvegið mjólkurinnlegg greiðslumarkshafa.

VIÐMIÐUNARMJÓLK Efnainnihald viðmiðunarmjólkur er meðalefnainnihald í mjólk á landinu síðustu þrjú verðlagsár. Nýtt efnainnihald viðmiðunarmjólkur reiknast í upphafi hvers verðlagsárs og gildir fyrir það ár. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur breyttist milli verðlagsáranna 2006/2007 og 2007/2008. Fita viðmiðunarmjólkur var 3,99% og prótein 3,35% verðlagsárið 2006/2007, en fyrir verðlagsárið 2007/2008 er fita 4,00% og prótein 3,35%.

GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA Afurðastöð er skylt að greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir 1. flokks mjólk innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Frá 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar eingöngu greitt framleiðendum eftir efnainnihaldi mjólkur, 25% miðað við fituinnihald og 75% miðað við próteininnihald meðalmjólkur. Greiðslu fyrir hvorn efnabátt er skipt á einingar samkvæmt efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur. Lágmarksverð á efnabætti mjólkur og á einingar árið 2007 eru sýnd í töflu 15.

Tafla 15. Verð mjólkur árið 2007: Lágmarksverð og verð á efnabætti:

Gildir frá	Skýring	Lágmarksverð	Viðmiðunarmjólk		Verð á efnabátt		Verð á einingu	
		krónur / lítra	Fita	Prótein	Fitu	Prótein	Fita	Prótein
1.1.2007	Frá fyrra ári	47,45	3,99%	3,33%	11,8625	35,5875	2,9731	10,6869
1.6.2007	Hækkun verðs	48,64	3,99%	3,33%	12,1600	36,4800	3,0476	10,9550
1.9.2007	Ný viðmiðunarmjólk	48,64	4,00%	3,35%	12,1600	36,4800	3,0400	10,8896
1.11.2007	Hækkun verðs	49,26	4,00%	3,35%	12,3150	36,9450	3,0788	11,0284
1.1.2008	Hækkun verðs	49,96	4,00%	3,35%	12,4900	37,4700	3,1225	11,1851

ÞRÓUN Á VERÐI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA Í eftirfarandi töflu er sýnd þróun verðs til framleiðenda undanfarin 11 ár þann 1. september ár hvert m.v. mjólk með 4,2% fitu og 3,4% prótein að meðaltali. Verðið var 59,46 kr/lítra 1. september 1997 og 84,10 kr/lítra 1. september 2007.

Tafla 16. Verð til framleiðenda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. september ár hvert 1997 – 2007.

Greiðsla	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Afurðastöðvaverð á lítra	32,02	33,68	35,29	37,35	39,1	41,61	42,97	44,00	45,52	46,76	49,79
Beingreiðsla á lítra*	27,44	28,86	30,09	31,89	33,48	35,81	37,14	38,03	37,15	34,29	34,31
Verð alls á lítra	59,46	62,54	65,38	69,24	72,58	77,42	80,11	82,03	82,67	81,05	84,10

*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunni á verðlagi viðkomandi mánaða.